



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

SKAFTAFELL ENDURBÆTUR

SKILAGREIN

MARS 2008



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

SKAFTAFELL ENDURBÆTUR

SKILAGREIN

MARS 2008



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR.....	3
1.1 Lýsing framkvæmdar.....	3
1.2 Frumathugun	3
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað.....	4
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	5
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar.....	5
2.2 Framvinda	5
2.3 Eftirlit og úttektir.....	6
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	7
3.1 Heildarkostnaður	7
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	7
4.1 Árangur framkvæmdarinnar	7
4.2 Staðfesting skilagreinar	7

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir verkefninu Skaftafell, endurbætur sem framkvæmdar voru árið 2007.

Árið 2005 fór fram ástandsskoðun mannvirkja í Skaftafelli til að samræma fjárlagabæðni og framkvæmdaáætlanir. Niðurstaðan varð sú, að mjög skorti á viðhald mannvirkja í þjóðgarðinum og þau væru ekki í standi til að taka við þeim fjölda ferðamanna sem þangað legðu leið sína ár hvert. Sett var fram framkvæmdaáætlun sem byggði á þessari úttekt og fékkst fé á fjárlögum 2007 til hennar. Áætlunin var nokkuð umfangsmikil þar sem mjög hefur skort á að viðhaldi mannvirkja á staðnum hafi verið sinnt sem skyldi.

Verkkaupi var umhverfisráðuneytið en Umhverfisstofnun kom fram sem verkkaupi við verklega framkvæmd.

Verkefnisstjóri var Guðbjartur Á. Ólafsson hjá FSR.

Þjóðgarðsvörður var Ragnar Frank Kristjánsson fram í september 2007 og síðan Hafðís Roysdóttir til verkloka. Stefán Benediktsson arkitekt hjá Umhverfisstofnun var ráðgjafi þjóðgarðsvarðar við val á verktökum og við gerð verklýsinga.

1.2 Frumathugun

Dagana 16. og 17. ágúst 2005 dvöldu Sigurjón Sigurjónsson, verkfræðingur og starfsmaður Framkvæmdasýslu ríkisins, og Stefán Benediktsson, arkitekt og starfsmaður Umhverfisstofnunar, í Skaftafelli í því skyni að leggja mat á ástand mannvirkja í Skaftafelli og kostnað við lagfæringar og endurbætur á þeim. Unnin var ástandsskýrsla í framhaldi af því. Í skýrslunni segir meðal annars eftirfarandi:

“Þó að ekki sé lagt mat á kostnað þess atriðis í þessari skýrslu er nauðsynlegt að benda á að vinna þarf skipulag af svæðinu á þeim ferhyrningi sem markast af Hæðabænum í norðvesturhorni og Þjónustumiðstöðinni í suðausturhorni. Vinna þarf einnig áætlun um uppbyggingu og viðhald svo samræma megi betur fjárlagabæðni og framkvæmdaáætlanir”

Í frumathugun kemur fram að Þjónustu- miðstöðin var opnuð 1974. Strax á fyrsta sumri voru gestir um 20.000 en fjöldi gesta voru, við gerð frumathugunar árið 2005, um 160.000. Stærstur hluti þeirra notar snyrtingar og gestastofu, eða um 1000 manns á dag um háannatímam.



Þök húsanna voru illa farin.

Könnuð voru þök húsanna og reyndust þau ónýt. Það á við um þakefni og þakbrúnir. Vegna slyshættu hefur verið nauðsynlegt að rífa þakkantinn að mestu. Einangrun húsanna er léleg, hitatap og rakapétting því mikil. Hitun

húsanna er mjög léleg og stafar það af því að ofnar voru fáir í upphafi og litlir en nú er aðalvandinn að erfitt er að skaffa meira afl í rafmagni.



Þakskegg húsanna voru illa farin.

Að utan er málning víða flögnuð af veggjum af rakapéttingu í útveggjum og rakasöfnun í frítt standandi steiptum veggjum. Í viðauka I er gefin stutt yfirlit yfir vanda og úrræði. Í viðauka II er áætlun um kostnað aðgerða.



Snyrtingar á tjaldsvæði við ástandsskoðun.

Við matsgerðina var ekki var lagt upp með þau áform að áfangaskipta fyrirsjáanlegum verkefnum en nauðsynlegt þótti, í ljósi þeirra upphæða sem endurbætur kalla á, að tiltaka sér-

staklega þær sem matsmenn telja bráðnauðsynlegar og er það gert í sérstökum dálki í viðauka II.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Til aðstoðar við útfærslur og deililausnir var fenginn arkitektinn Hrafnkell Thorlacius en við skyndilegt fráfall hans undir lok framkvæmda kom sá verkþáttur í hlut Stefáns Benediktssonar hjá Umhverfisstofnun. Til að annast landslagsuppdrætti var fengið fyrirtækið Landmótun og þá tekið til skipulags það svæði sem nefnt er í frumathugun að nauðsyn væri á að taka til skipulags.

Ráðgjafar

Aðalráðgjafi framkvæmdarinnar var Stefán Benediktsson arkitekt.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Eftirfarandi er áætlun um heildarkostnað verkefnisins.

Gestastofa	11.105.500
Aðalsnyrting	10.449.000
Landvarðaríbúð	3.735.000
Tjaldsvæði	10.954.000
Sandasel	1.617.000
Hæðabærinn	1.155.000
Brunaviðvörunarkerfi	400.000
Netkaffi,tölvubúnaður	900.000
Vatnsveita,útvaskar	500.000
Hitaveita	5.000.000
Heimarafstöð	450.000
Göngubrú á Morsá	1.250.000
Lagfæring á girðingum	500.000
Tæki	300.000
Stígar vegna fatlaðra	400.000
Bekkir og borð úti	300.000
Afmælishátíð Þjóðgarðsins	450.000
Samtals	49.465.500

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Vegna sérstöðu verkefnisins var ákveðið að bjóða framkvæmdina ekki út heldur gera verkönnun vegna hvers verkþáttar og gera síðan verksamning með viðeigandi verklýsingu. Gerðir voru yfir 100 verksamningar við 41 aðila. Því verklagi var beitt að þjóðgarðsvörður gerði versamninga um einstaka verkþætti samkvæmt staðlaðri forsögn FSR. Verklýsingar og verkroðun var borin undir verkefnisstjóra sem síðan samþykkti verksamningana og heimilaði framkvæmd þeirra.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu verktaka.

	Niðurstöður	kr.	hlutfall
1	Benedikt Steinþórsson (9)	2.347.889	5,1%
2	Þorlákur Magnússon (10)	2.870.530	6,3%
3	Gluggar og garðhús (1)	1.976.289	4,3%
4	Trésmiðjan Breiður (2)	1.080.357	2,4%
5	Króm og hvítt (3)	6.968.397	15,3%
6	Toppgólf (2)	2.464.183	5,4%
7	Landlínur ehf. (2)	734.310	1,6%
8	Umhverfisstofnun (1)	3.201.580	7,0%
9	Málningarþjónusta Hornafjarðar (6)	4.943.500	10,8%
10	RR-tréverk (10)	8.866.690	19,4%
11	Rafhörn (13)	4.780.286	10,5%
12	Fanntófell (1)	1.729.507	3,8%
13	Martölvan	1.085.101	2,4%
14	Rafkerfi (1)	616.917	1,4%
15	Ofurkonan (1)	330.245	0,7%
16	Rósaberg (1)	500.000	1,1%
17	Aðrir verksamningar (42)	1.023.848	2,4%

Verksamningar alls 45.609.860 100%

2.2 Framvinda

Verkið hófst í apríl 2007 með lagfæringum innanhúss í Sandaseli, vinnu við Morsárbrú og göngubrú við Hrafnagil. Unnið var við að færa til og styrkja geymsluhús innan tjaldsvæðis, lagfæra og endurnýja vatnslagnir og fráveitu-

kerfi tjaldsvæðis svo og aðra nauðsynlega verkþætti þannig að hægt væri að taka á móti fyrstu þjóðgarðsgestum í maí.

Nýtt aðstöðuhús hafði verið flutt á staðinn og voru kaup á því og tengingar hluti verksins. Stærsta einstaka framkvæmdin var gagnger endurnýjun á aðalsnyrtingum. Allur eldri búnaður og innveggir var hreinsaður út úr húsinu og gólfefni brotin upp. Sett voru upp karla- og kvennasalerni, salerni fyrir fatlaða. Útihurðir voru endurnýjaðar, einnig öll gólfefni, skilrúm og hreinlætisbúnaður..



Snyrtingar Aðalsnyrtihúss eftir breytingar.

Á tjaldsvæði var komið fyrir rafmagnsstólpum og þeir varðir með vetrarábreiðum.

Framkvæmdum var hagað þannig að þær trufluðu sem minnst starfsemina og var því meginþunga þeirra stefnt á tímann fyrir og eftir sumarvertíðina.

Allar raflagnir á svæðinu voru endurskoðaðar og nýr rafstrengur tekinn inn í hús, aðaltafla endurnýjuð og komið á 3ja-fasa rafmagnni í húsin sem ekki hafði áður verið.



Höfuðrofar og aðaltafla endurnýjuð.

Öll þök voru yfirfarin, lagfærð og endurmáluð, allar þakbrúnir endurnýjaðar með samræmdum hætti. Valinn var samræmdur litur á þakskegg, þök og útveggi og hluti útveggja málaður.



Þakkantar endurnýjaðir og litir samhæfðir.

Þakgluggar voru endurglerjaðir og skipt um gler þar sem þess var þörf og stokkar um ofanljós einangraðir og endurklæddir.

Nettengingar voru bættar og sett upp "netkaffi" sem þegar gaf verulegar tekjur til rekstrarins.

Unnið var deiliskipulag af landi þjóðgarðsins að hluta og göngustígar lagfærðir og þá sérstaklega með tilliti til aðgengi hreyfihamlaðra. Um leið var útibekkjum og setsvæðum fjölgað. Bílastæði voru máluð og afmörkuð stæði fyrir fatlaða, húsbíla og rútur. Girðingar á mörkum þjóðgarðsins voru endurbættar og eldri girðingar fjarlægðar.

Efni var keypt til að afmarka rými undir skyggni gestastofu en uppsetningu frestað þar til uppdrættir væru samþykktir.



Gestastofan, þar sem var fyrirhugaður glerskáli undir skyggni.

Gerðir voru uppdrættir af húsnæði gestastofu, veitingarými og móttöku gesta í Gestastofu og heildarskipulagi þjónustumiðstöðvar.

Síðustu framkvæmdunum lauk í desember 2007.

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirliti var á hendi þjóðgarðsvarða í umboði Framkvæmdasýslu ríkisins og með ráðgjöf Stefáns Benediktssonar hjá Umhverfisstofnun.

Verkefnisstjóri FSR fór tvisvar á staðinn til að taka út framkvæmdir og leggja á ráðin með þjóðgarðsverði og Stefáni um verktilhögun og tímasetningu verka. Þjóðgarðsvörður til september 2007 var Ragnar Frank Kristjánsson og síðan Hafdís Roysdóttir til verkloka.



Sandasel.

Öll samskipti við þjóðgarðsverði og Umhverfisstofnun voru góð.



Ný ásýnd aðkomunnar.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að heildarkostnaður yrði 50 m.kr. Í þeirri áætlun var sett fram áætlaður kostnaður sundurliðaður á einstök mannvirki og sameiginlega verkþætti. Segja má að þessi áætlun hafi gengið vel eftir þó skipting kostnaðar hafi flust milli mannvirkja og einstakra verkþátta. Kostnaður vegna rafmagnsmála reyndir mun meiri en áætlað var og er skýringin sú að endurnýja þurfti nánast allt rafkerfið þar sem ekki var 3ja-fasa rafmagn til staðar og aðaltafla reyndist með öllu ónothæf. Lagfæringar á Morsárbrú kostuðu meira en áætlað var og endurbætur á aðalsnyrtingu gengu langra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Til að mæta þessum kostnaði voru allar áætlanir um hitaveitu á svæðinu lagðar til hliðar og aðrar tilfærslur gerðar.

Kostnaður við lokauppgjör samkvæmt fjárhagsbókhaldi er 50.194.265 krónur.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Það er mat FSR að vel hafi tekist til um þessa framkvæmd og bæði fjárhagslegur og efnislegur árangur hennar sé góður.

Ásýnd staðarins er stórbætt og öll aðkoma og aðstaða hefur gjörbreyst og rekstrarskilyrði batnað. Árangurinn má ekki síst þakka samviskusömum og athugulum þjóðgarðsvörðum og því trúnaðarsambandi sem náðist milli framkvæmdaraðila um alla framkvæmdina.



Gömul hús í Skaftafelli.

4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

A handwritten signature in blue ink, reading "Óskar Valdimarsson".

Óskar Valdimarsson, forstjóri